

Alþingi
Erindi nr. P 137/583
komudagur 9.7.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. Viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reyðarfjörður, 8. júlí 2009

EFNI: Umsögn Alcoa Fjarðaáls sf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

Með vísun til tölvubréfs Viðskiptanefndar Alþingis, dags. 6. júlí 2009, sendir Alcoa Fjarðaál hér með umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

Í upphafi telur Alcoa Fjarðaál rétt að taka fram að félagið leggur mikla áherslu á góða samvinnu við yfirvöld og eftirlitsaðila. Í því ljósi gerir félagið ekki athugasemdir við 1. gr., 1. mgr. 2 gr., 3. gr. eða 4. gr. frumvarpsins.

Á hinn bóginn telur Alcoa Fjarðaál að tiltekna heimildir, sem fyrirhugað er að veita Fjármálaeftirlitinu (FME) samkvæmt 2. og 3. másl. 2. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 2 gr. frumvarpsins, séu of viðtækar. Af þeim sökum leggur fyrirtækið til að gerðar verði ákveðnar breytingar á umræddum ákvæðum.

Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 2. gr. mun FME verða heimilt að krefjast þess að starfsemi samkvæmt lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra verði hætt þegar í stað, en á grundvelli 3. másl. 2. mgr. 2. gr. mun FME verða heimilt að birta opinberlega nöfn aðila, sem taldir eru þjóða þjónustu án tilskilinna leyfa. Þá kemur fram í 3. mgr. 2. gr. að FME geti krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga um gjaldeyrismál.

Alcoa Fjarðaál telur tvennt mega nefna sérstaklega í tengslum við hinar ofangreindu og fyrirhuguðu heimildir til handa FME.

Í fyrsta lagi bendir félagið á að mat FME þess efnis að tiltekinn aðili hafi brotið gegn ákvæðum laga um gjaldeyrismál eða reglum settum á grundvelli þeirra kann að vera á misskilningi byggt eða ekki á rökum reist. Sé sú raunin og hafi FME beitt umræddum heimildum má ljóst vera að það kann að hafa valdið hlutaðeigandi aðila miklu og jafnvel óafturkræfu tjóni, honum að ósekju. Sökum þessa leggur fyrirtækið til eftirfarandi breytingar, sem félagið telur eðlilegar og til þess fallnar að gæta betur að réttaröryggi einstaklinga og lögaðila:

1. Í stað þess að FME geti krafist þess að starfsemi, sem talin er brjóta í bága við reglur um gjaldeyrismál og reglur settar á grundvelli þeirra, verði hætt skuli FME beina til sýslumanns kröfu þess efnis að lagt verði lögbann við starfseminni í samræmi við ákvæði laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. (2. másl. 2. mgr. 2. gr.).
2. Að FME verði ekki heimilt að birta nöfn aðila, sem taldir eru stunda starfsemi samkvæmt lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra án tilskilinna leyfa, nema að undangenginni kæru FME til lögreglu. (3. másl. 2. mgr. 2. gr.).
3. Að FME verði ekki heimilt að krefjast kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila, þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við lög um gjaldeyrismál eða reglur settar á grundvelli þeirra, nema að undangenginni kæru FME til lögreglu. (3. mgr. 2. gr.).

Í öðru lagi telur Alcoa Fjarðaál að 2. másl. 2. mgr. 2. gr. sé nokkuð óskýr, þar sem ekki sé fullkomlega ljóst við hvaða starfsemi sé átt með orðalaginu „slíkri starfsemi“. Megi t.a.m. velta því upp hvort með orðalaginu sé átt við starfsemi einstaklings eða lögaðila yfir höfuð eða einungis þann hluta hennar, sem talinn er brjóta gegn lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra. Þá verði og ekki ráðið af efni frumvarpsins hvernig um framkvæmd þessa skuli farið. Alcoa Fjarðaál telur mjög mikilvægt að í meðförum þingsins verði hugað vel að skýrleika og framkvæmd þessa málsliðar, enda er inntak hans mjög svo íþyngjandi í garð einstaklinga og lögaðila, þá ekki einungis í garð þeirra, sem grunaðir eru um brot gegn lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra, heldur einnig í garð annarra, t.d. viðskiptamanna þeirra. Þar að auki kann of víðtæk og/eða tilefnislaus beiting heimildarinnar að valda fyrrgreindum aðilum miklu og jafnvel óafturkræfu tjóni.

Virðingarfyllt,
f.h. Alcoa Fjarðaáls sf.,

Ruth Elfarsdóttir,
framkvæmdastjóri fjármála